

Háskólaráð Landbúnaðarháskóla Íslands, fundur nr. 07 – 2023

Staður: Keldnaholt og Teams

Tími: þriðjudagur 29. ágúst 2023 kl. 13:00

Fundinn sátu: Ragnheiður I. Þórarinsdóttir (stýrir fundi), Þórunn Jónsdóttir, Haukur Þórðarson, Daði Már Kristófersson (Teams), Þorvaldur Ragnar Þorbjarnarson (Teams), Jóhannes Sveinbjörnsson (Teams). Ingvar Pétur Guðbjörnsson var forfallaður.

1. Fundargerðir – samþykktir / rafrænar undirritanir. Það eru enn tæknilegir örðugleikar varðandi rafræna undirritun fundargerða, þannig að ef einn aðili undirritar ekki er skjalið fast í kerfinu. Skjalastjóri mun funda með þjónustuaðila varðandi leiðir til að gera ferlið liprara. Samþykkt að taka apríl og maí út úr kerfinu handvirkt en klára júní fundargerðina með rafrænum hætti.

2. Samantekt sl. starfsárs. Rektor kynnti yfirlit um starfsemi háskólaráðs á síðasta starfsári (2022-2023), með einblöðungi sem gefur gott yfirlit um starfsemina. Ráðinu er uppálagt að gera mat á eigin störfum með reglulegum hætti og var umræða á fundinum í þeim tilgangi. Rektor viðurkenndi að stundum næðist ekki að leggja fundargögn fram með tilskyldum fyrirvara, en hún vill gjarnan gera betur í því. Fulltrúar í háskólaráði sögðust líka geta gert betur í að kynna sér framlögð gögn strax og þau liggja fyrir. Almenn ánægja er með vikulega pistla rektors sem eru mjög upplýsandi um starfsemina á hverjum tíma. Nemendur og starfsmenn eru hvattir til að vera dugleg að senda rektor fréttir í þann pistil. Ákveðið að taka starfsreglur háskólaráðs til endurskoðunar eftir að ný stefna Lbhí hefur verið samþykkt, væntanlega í lok þessa starfsárs.

3. Stefna Lbhí 2024-2028. Unnið hefur verið úr athugasemdum og stefnt er að því að taka fyrir lokadrög að stefnunni til umfjöllunar á starfsmannafundi 12. október, fínvinna eftir það og reyna að afgreiða stefnuna í nóvember eða desember.

4. Uppbygging / Fjárfestingar. Ragnheiður, Daði Már og Tedda funduðu með háskólaráðuneytinu (ráðuneytisstjóra og fleirum). Þar kom m.a. fram að jarðræktarmiðstöð telst fullfjármögnuð í kerfinu, en þó er ekki farið af stað í framkvæmdir og er þar m.a. vísað til þess að ríkið sé að reyna að draga úr þenslu í hagkerfinu í augnablikinu. Til að klára mál varðandi ylræktina, jarðræktarmiðstöð o.fl. gæti hjálpað að nýta samstarfssjóð háskólanna. Leita þarf allra leiða til að koma okkar málum hærra í forgangsröðinni. Lagt er til að sækja um í samstarfssjóð ásamt t.d. HÍ um fjármögnun tilraunagróðurhússins og tengja það mál við jarðræktarmiðstöð. Einnig hefur rætt um leigumál við FSRE. Í gangi eru vangaveltur um hvort eigi að sameina allan búrekstur Lbhí á eina kennitölu. Rektor fór yfir ýmis atriði varðandi

viðhald og uppbyggingu aðstöðu fyrir nemendur m.m. Uppbygging er hafin í Gamla skóla eftir töluvert niðurrif og unnið er að endurbótum í Sundlaugargarði, svo nokkuð sé nefnt.

5.Samstarfssjóður háskólanna. Ekki er búið að ganga frá rafrænum samningum og greiðslum fyrirþau verkefni sem úthlutað var í fyrr á árinu. Fundur rektora háskólanna nýverið fjallaði um þessi mál og benti á ýmis atriði til athugunar fyrir næstu úthlutun. Nokkrir starfsmenn Lbhí eru að vinna í umsóknum fyrir næstu úthlutun í samstarfi við aðra háskóla.

6. Til upplýsingar og fundir ráðsins á starfsárinu.

Rektor lagði fram til umræðu drög að starfsáætlun háskólaráðs Lbhí 2023-2024.

Ráðstefna um þörunga og þara verður haldin í Hörpu á morgun og verður rektor með erindi um þörunga og landbúnað.

Ýmis konar umsóknarvinna er í gangi.

Brautskráning úr Landgræðsluskólanum kl 15 í dag, 23 nemendur sem er metfjöldi.

Próteinráðstefna í Bremerhaven í næstu viku- RIP fer þangað í boði Matís.

Stefnt er að því að háskólaráðsfundir verði síðasta þriðjudag í hverjum mánuði.

Fundi slitið kl. 14.30